

Bókun stjórnar SSNE vegna tillögu um hlutverk og form áfangastaðastofu Norðurlands.

Lögð fram tillaga að uppsetningu áfangastaðastofu Norðurlands unnin af framkvæmdastjórum Markaðsstofu Norðurlands, SSNE og SSNV. Í tillögnum er lagt til að Markaðsstofa Norðurlands verði áfangastaðastofa Norðurlands. Ráðnir verði tveir starfsmenn til verkefnisins og verði annar staðsettur á Norðurlandi vestra og hinn á Norðurlandi eystra. Landshlutasamtökin fái einn mann hvor í stjórn áfangastaðastofunnar.

„Stjórn samþykkir framlagða tillögu en leggur áherslu á að verkefnið verði fullfjármagnað af hálfu ríkisins, launakostnaður og aðstaða auk þess sem gera þarf ráð fyrir verkefnafé. Ekki verður um aukin fjárframlög til stofunnar frá SSNE að ræða umfram þau framlög sem þegar renna til Markaðsstofu Norðurlands. Ef verkefnið verður ekki að fullu fjármagnað af hálfu ríkisins áskilja samtökin sér rétt til að endurskoða ákvörðun sína varðandi fyrirkomulag áfangastaðastofu.“